

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um mælingar á mengun frá virkjun og borholum Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði.

Frá Vigdísí Hauksdóttur.

1. Hafa farið fram mælingar á mengun frá virkjun og borholum Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði? Ef svo er, sýna mælingarnar þá mengun yfir mörkum á eftirtöldum stöðum:
 - a. í Reykjavík,
 - b. í Hafnarfirði,
 - c. í Garðabæ,
 - d. í Mosfellsbæ,
 - e. á Seltjarnarnesi,
 - f. í Kópavogi,
 - g. í Hveragerði,
 - h. á Selfossi og
 - i. á Hólmsheiði?
2. Hvaða efnasambönd sem eru óholl mönnum og dýrum mældust yfir mörkum og í hversu miklu magni?
3. Til hvaða ráða er ætlunin að grípa til að stemma stigu við menguninni?

Skriflegt svar óskast.